SVERRIR ÓLAFSSON SÝNIR SKÚLPTÚRA Í GALLERÍ BORG

HEILÖG SKYLDA

Samfélagsrýni í litríkum táknum

„VALDNÍÐSLA, misskipting og miðstýring," segir Sverrir Ólafsson myndlistarmaður og fórnar höndum. „Um þetta hef ég verið að hugsa síðustu misseri. „Og um sáttir mannfólksins við móður jörð, sem verða sífellt brýnni. Seinna gætu kostir og gallar geimferða vegið salt, en á öllum tímum er það heilög skylda hvers listamanns að vera gagnrýninn á umhverfi sitt. Myndlistarmaður sem hefur ekkert að segja áhorfanda ætti að fá sér eitthvað annað að gera. Mér finnst fjarska gaman að vera listamaður á Íslandi, hér er af svo mörgu að taka. Óskabörn þjóðarinnar éta hana út á gaddinn, forsætisráðherra reisir minnisvarða um vafasöm afrek, lítið samfélag rembist við að líkja eftir milljónaþjóðum, almenningur lætur nokkra hrokagikki og erfðaprinsa bjóða sér hvaðeina án þess að skræmta."



Morgunblaðið/Kristinn

Sverrir Ólafsson myndlistarmaður.

Sverrir er stórvaxinn maður sem óneitanlega gustar af. Þýðum vindum þrátt fyrir allt. Enda kveðst hann viss um að hafa verið „suðrænn nagli" í einhverri annarri tilvist. Hann liggur ekki á skoðunum sínum á mönnum og málefnum. Sérstaklega ekki málefnum. Og gengur oft treglega að fela bros bak við ræktarlegt skegg og gleraugu.

Hann býr í Hafnarfirði og hefur vinnustofu í listamiðstöðinni Straumi utan við bæinn, en starfar í Mexíkó hluta ársins og hefur gert síðan um miðjan síðasta áratug. „Það hentar vel hugmyndafræðinni sem ég vinn út frá," segir hann. „Mexíkóskt samfélag er afar pólitískt og fólkið opið, þar blómstra alls kyns öfgar og gamall tími liggur í sérkennilegum þráðum um nútímann. Sá maður sem ekki verður fyrir áhrifum í Mexíkó er blindur, heyrnarlaus og vitlaus."

Heimurinn heimkynni

Eftir kennslu í Hafnarfirði og síðar nám í skúlptúrdeild Myndlistar- og handíðaskólans hefur Sverrir farið víða, haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í tugum samsýninga. Hann er virkur í allslags félagsstörfum myndlistarmanna, hefur farið ýmsar fyrirlestraferðir og hlotið margar viðurkenningar. Verk eftir hann eru víðs vegar um heiminn á opinberum söfnum og í einkaeign. Kannski er hann furðu lítið þekktur á Íslandi.

„Hér er gott að vera," segir hann, „en listamarkaðurinn ári þröngur. Mér finnst heimurinn vera heimkynni mitt eins og annarra manna, þótt ég sé þakklátur fyrir að vera borinn og barnfæddur í Stykkishólmi og eiga þaðan dýrmætar minningar. Mér hefur gengið mjög vel í Mexíkó og þar gefur að líta mest af mínum smíðisgripum. Ég á líka mörg verk í Svíþjóð og á Ítalíu. En þetta er úti um allar trissur."

Sverrir var í vinnuferð í Svíþjóð 1986 með skúlptúrlistamönnum úr ýmsum áttum. Þar kynntist hann mexíkanska myndhöggvaranum Sebastian, sem líklega er þekktasti listamaður heimalands síns í þessari grein. Þeim varð vel til vina og Sverrir býr jafnan í einni af íbúðum þessa myndlistarmanns þegar hann er suður þar og vinnur á verkstæði hans með tuttugu smiðum sem þar starfa fyrir listamennina.

„Mér finnst afskaplega þægilegt að vinna í Mexíkó," segir Sverrir. „Þar gefst færi á að skoða samfélagið hér heima úr góðri fjarlægð."

Pólitískur vanþroski

„Ég held við flækjum tilveruna á þessu frábæra landi. Aðalatriðið og raunar það eina sem ég get fundið að íslensku þjóðinni, er sá pólitíski vanþroski að láta bjóða sér hvaðeina án þess að rísa upp. Það er óttalegur sjúkleiki.

Menn leyfa froðusnökkum að rífa niður félagslegt velferðarkerfi vegna stóriðju og svínarís. Flugleiðir og Eimskip, sem eitt sinn voru óskabörn þjóðarinnar, hlaða nú á hana skuldum sem enginn botnar í hvernig verður hægt að standa skil á. Bændur sem erft hafa skoðanir frá gengnum kynslóðum harma enn fráfall SÍS, þeirrar óhugnunanlegu mafíu.

Gáðu að því, að mér finnst líka óskaplega vænt um þetta fallega land og það góða fólk sem það byggir. Náttúran er enn óspillt og fólkið með svo gráan og skemmtilegan húmor."

Hugmyndafræðirugl og miðstýring

Táknfræði er, að sögn Sverris, verkfæri sem hann notar til að koma hugmyndum sínum til skila. „Það er svo mikið af hugmyndafræðirugli í myndlist núna," segir hann, „formúluvinnu sem hefur ekkert með umhverfi listamannsins að gera. Gersamlega tilgangslausri sóun á tíma hans og áhorfandans.

Mér ofbýður sú miðstýring sem á sér stað í listum hér og raunar víða um heiminn. Hvernig pótintátar og fræðingar í stofnunum úti um bæ taka völdin af listagyðjunni og leggja línur sem menn verða að fylgja til að fá inni á söfnum og lafa í náðinni. Sjálfur þarf ég svo sem ekki að kvarta, ég á verk á mörgum góðum stöðum og fylgi eigin sannfæringu óhræddur. En ef ég væri kominn uppá náð og miskunn nokkurra meningarlegra siðapostula í Reykjavík væri ég í vondum málum."

Myndir af lífsskoðun

Ég vil segja eitthvað með því sem ég geri. Þess vegna eru verkin mín pólitísk, ekki flokkspólitísk – biddu fyrir þér, heldur gagnrýnin á umhverfið. Það breytist og við verðum að taka þátt í breytingunum. Ég byggi á lífsskoðun um að enginn maður sé öðrum meiri, um þá erkiheimsku gróðapunga að taka sér vald til að troða á öðru fólki eða sjálfri náttúrunni."

Sverrir mótar myndir úr málmi eða einhverju öðru, eftir inntaki þeirra hverju sinni. Hann segir að efni og aðferð listamanns skipti ekki máli, heldur útkoman eða niðurstaðan. Miklu skipti fyrir hann að tilgangur verksins sé skýr og táknin ekki flóknari en svo að áhorfandinn fái ráðið skilaboðin.

„Mig langar ekkert að útlista í smáatriðum hugsunina bak við hvert verk, sá sem skoðar það þarf að hafa svigrúm fyrir eigin pælingar. En mér er engin launung á að ákveðin tákn koma aftur og aftur fram í því sem ég geri. Merkingin finnst mér jafn mikilvæg og fagurfræðin, hún skiptir vitanlega máli líka, form og litir í réttu samhengi höfða bæði til auga og hugsunar."

Alþekkt form úr byggingarlist sjást oft í verkum Sverris. Og hvunndagsleg húsgögn öðlast nýja merkingu. Háfættur stóll stendur ofan á pýramída, til merkis um einmanaleika þess sem þar hreykir sér, þar til honum er feykt um koll. Á hárri súlu eða Kleópötrunál eru tré til að minna afkomendur þeirra sem þetta lesa á gróður jarðar. Skrautlegur og íturvaxinn stóll með hálfopnum skúffum táknar skrifræði, völd og hégóma.

Hégómi og mont

„Ég velti því töluvert fyrir mér núna, hvernig menn reisa sér endalaust minnisvarða," segir Sverrir. „Ausa peningum í mont af vafasömum verkum og vonast til að dugleysið falli í skuggann. Í Reykjavík hafa glerhýsi verið byggð uppi á hæð og við Tjörnina ofan í bæ. Þessi árátta blasir næstum hvarvetna við á byggðu bóli.

Pýramídinn er súperdæmi um svona upphafningu eigin dýrðar. Ég nota hann gjarna í því sem ég geri þessa dagana, súlur og turna sömuleiðis. Þetta eru fílabeinsturnar valdamanna sem meta sig meira en náungann, svo ekki sé minnst á þann sem stritaði við að reisa báknið. Húsgögn og hirslur af ýmsu tagi hafa ákveðna merkingu í mínum huga; stólar tákna vald, skúffur og skápar skrifræði – hirslur sem mannlegum gildum er fleygt í til að rýma til fyrir peningahyggjunni."

Litir og mynstur eru ekki einungis skraut á myndum Sverris, heldur oft til marks um hégóma, hlýju, drunga eða líf. Hann notar stundum lauf eða fræ eða tré til að minna á náttúruna og talar um þá fásinnu að stofna henni í hættu fyrir stundarhagsmuni. „Mannfólkið er hálfgerð óværa á þessari plánetu," segir hann. „En jörðin aflúsar sig á nokkrum milljónum ára og losnar við okkur að óbreyttu. Við verðum að spyrja, hvað erum við að gera hýbýlum okkar, fyrir hverja. Sannleikurinn er sá að þeir sem hirða gróðann af alls konar eyðileggingu náttúrunnar eru örlítill hluti jarðarbúa. Hinir verða að leggja niður vopn og semja um frið."

Við höfum ekki efni á þessu

Fallvaltleiki valdsins er eitt af uppáhalds viðfangsefnum Sverris. Á sýningunni í Gallerí Borg er til dæmis frummynd verks sem byggt verður stærra í Ameríku, doppóttir stólar í háum stafla sem virðist geta hrunið í hverri andrá.

„Ég hef verið með annan fótinn í Bandaríkjunum í tuttugu ár og yrði ekki hissa á að fylgjast með falli kapítalismans þar, eins snöggu og kommúnismans í austri. Annars er það líka kapítalismi, hann gengur ekki upp, það hefur komið á daginn. Það skiptir ekki nokkru máli hvort hann á höfuðvígi í Kreml, Valhöll eða Pentagon.

Við höfum einfaldlega ekki efni á níðast svona hvert á öðru og heimkynnum okkar.

Ég sé jörðina fyrir mér sem eina heild, án landamæra og spennu milli þjóða eða samtaka þeirra. Kannski ná menn ekki slíkum þroska ótilneyddir, hann kann að koma af nauðsyn. Lítum til dæmis á New Yorkborg, þar sem fólki hvaðanæva að ægir saman og helmingur íbúa talar spænsku.

Ég trúi því að mönnum lærist með einhverjum hætti að lifa í réttlæti og sátt. Eftir svosem þúsund ár."

Þ.Þ.

SVAVA BJÖRNSDÓTTIR MEÐ PAPPÍRSSKÚLPTÚRA Á KJARVALSSTÖÐUM

ÚTÚR VEGG

AUGAÐ nemur áferð, lit og form. Ef til vill gefur hugsunin þessu merkingu og fyllir ákveðnu innihaldi. Þá er verkið ekki lengur framandi og áhorfandanum óviðkomandi, hann hefur stofnað til sambands, þegið og gefið. Í dag opnar sýning á óvenjulegum verkum eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarkonu. Undanfarin ár hefur hún gert skissur, skorið plast og gert gifsmót, hrært pappamassa, litað hann og steypt. Hluta afraksturs alls þessa gefur að líta á langvegg í austursal Kjarvalsstaða næstu þrjár vikurnar. Sex ferningar úr pappír virðast svífa á veggnum, hver og einn býr yfir eigin galdri, ólíkum hinum. Úr efni sem allir þekkja segjast þeir vera eitthvað annað. Saman mynda þeir heild.



Morgunblaðið/Kristinn

Svava Björnsdóttir sýnir nú skúlptúra úr pappír á Kjarvalsstöðum.

Skúlptúrar Svövu eru í ætt við myndverk módernista, form og litir óháð hugmyndafræði og án skilaboða. Þetta eru athuganir á hvað unnt sé að sameina form og innihald, verk og rými. Svava tekur pappír fram yfir hefðbundnari efnivið vegna þess að hann á sér enga sögu eða hefð, ólíkt marmara og grjóti og málmum. Laus við að vera upphafinn og eins konar kamelljón, með spurningu frekar en fullyrðingu.

Þótt listakonan segist engar formúlur hafa um myndirnar, neitar hún því ekki að í þeim búi firnamargt. Hvort tveggja sé að aðdragandi verks geti verið langur, mánuðir og ár, og ýmislegt fari um huga meðan það er unnið. Hún kemst ekki að niðurstöðu fyrr en alveg í lokin, litur getur breyst í vinnslunni, lögun og áferð komið á óvart.

Vinna við pappírsskúiptúrana er erfið og seinleg. Svava hefur þróað aðferð í mörgum skrefum og þótt hún sé farin að vinna hratt tekur hvert þeirra sinn tíma. Hún fær sellulósaarkir frá Þýskalandi, bleytir þær upp og hrærir í massa sem hún hellir í gifsmót og litar. Þegar hann er þornaður og laus úr mótinu bætir hún stundum við litadufti og á einni myndanna þynnum úr skíra gulli.

Form Svövu virðast sprottin úr fornum tíma og nýjum, sígildri byggingarlist, samtímatækni, jafnvel minnir eitt verkið á íburðarmikla sessu og annað á ávalar línur kvenlíkama.

Litir og áferð skýra betur hugmyndir áhorfandans um verkin, hjálpa honum að finna hlutlægum formum stað í eigin hugarheimi. Þau koma honum við vegna reynslu hans, leyfi hann þeim að skjóta þar rótum. Þá fær áhorfandinn hlutdeild í sköpun listakonunnar.

Í anda viðhorfa hennar verður að leyfa hverjum og einum að leggja sína merkingu í myndirnar, aðeins þannig eignast gestur á sýningunni sinn eigin og ómetanlega hlut í þeim.

Þ.Þ.